Selaskoðun við Ytri Tungu

Við Ísland er að finna tvær staðbundnar tegundir sela, landsel (*Phoca vitulina*) og útsel (*Halichoerus grypus*). Við Ytri Tungu má sjá báðar þessar tegundir, en selir sem liggja á þurru eru yfirleitt landselir. Fjórar aðrar selategundir (vöðuselur, hringanóri, blöðruselur og kampselur) sjást stundum hér við land en eru fremur sjaldgæfar.

Selirnir liggja helst á landi á fjöru þegar milt er í veðri og vindur hægur. **Sjónauki kemur að góðum notum við selaskoðun.**

Umgengni við seli

Villt dýr eru viðkvæm fyrir mannaferðum og ber því að hafa eftirfarandi í huga:

- **Farið ekki nær dýrunum en 50 metra**. Á kópatíma ætti að miða við lágmarksfjarlægðina 100 metra.
- Gefi selur frá sér hljóð, lyftir höfði og sýnir aðgát eða flytur sig, geta það verið merki um að hann hafi orðið fyrir truflun. Við slíkar aðstæður skal auka fjarlægð frá dýrinu.
- Algengt er að selmóðir skilji kóp sinn eftir tímabundið á ströndinni meðan hún fer á veiðar. **Ekki má nálgast eða snerta kópa sem skildir hafa verið þannig eftir**, heldur skal yfirgefa staðinn sem fyrst þannig að móðirin hætti sér aftur til kópsins.
- Aldrei skal farið á milli sels og sjávar, svo hann eigi ávallt greiða flóttaleið.
- Þegar gengið er að dýrunum skal það gert með hægum, stöðugum hreyfingum. Talið lágt og forðist að gefa frá ykkur hvers konar hljóð. Yfirgefið svæðið á sama hátt.
- Kastið ekki hlutum nærri selunum.
- Forðist að nota flass við myndatökur.
- Möguleg neikvæð áhrif á selina aukast með auknum fjölda fólks. Ef margt fólk er þegar hjá selunum skal bíða með að nálgast þá þar til fólki fækkar.
- Hundar skulu ávallt hafðir í taumi.

Góð umgengni við selaskoðun er mikilvæg til að draga úr neikvæðum áhrifum ferðamennsku á villta seli og stuðla að því að við getum um ókomna tíð notið þess að skoða þessi áhugaverðu dýr í villtri náttúru.

Jörðin Ytri Tunga er í einkaeigu. Ferðamenn eru vinsamlegast beðnir um að ganga vel um, virða lífríki og jarðminjar og taka allt sorp með sér þegar svæðið er yfirgefið.

Njótið vel!

Nytjar af selum við Ísland

Á öldum áður voru selanytjar mikilvæg hlunnindi jarðeigenda og oft á tíðum hreinlega lífsnauðsynlegar í þessu harðbýla landi. Viðhorf til sela var þá almennt mjög jákvætt og þeir álitnir verðmætir. Selkjöt og -spik var borðað, spik var einnig notað til ljósgjafar og skinnið var verkað og nýtt.

Um tíma voru selskinn dýrmæt útflutningsvara en markaðir hrundu um 1980 vegna mótmæla gegn selveiðum í Kanada, Rússlandi og Noregi og innflutningsbanns Evrópusambandsins. Á næsta áratug breyttist almenningsviðhorf til sela mjög hér á landi og í kjölfarið hófust miklar veiðar til fækkunar sela, sem áttu að draga úr tjóni á veiðarfærum, afráni fiska og tíðni hringormasmits í nytjafiskum. Þessar umdeildu aðgerðir ásamt drukknun í grásleppunetum og öðrum veiðarfærum eru sennilega aðalástæður þess að stofnar sela hafa minnkað mjög hér við land á undanförnum áratugum, þótt breytingar á umhverfisaðstæðum hafi líklega einnig haft áhrif. Enn er heimilt að veiða seli við ákveðnar aðstæður en dregið hefur úr veiðum. Þrátt fyrir það hefur selum haldið áfram að fækka.

Landselur

Við Íslandsstrendur er algengast að sjá landsel (einnig nefndur láturselur eða vorselur). Hann er mun minni en útselur og má þekkja á kubbslegu höfuðlagi. Ekki er mikill kynjamunur í stærð hjá landselum. Brimlar eru að jafnaði tæplega 100 kg og um 1,7 m að lengd. Urtur eru um 90 kg og 1,6 m. Talsverður breytileiki getur verið í lit á feldi landsela eftir árstíma, hárafari, kyni og aldri. Urturnar geta orðið yfir 30 ára gamlar og verða jafnan eldri en brimlarnir.

Landselur er ein útbreiddasta selategund heims. Hann lifir helst á þorski en einnig karfa, síli, ufsa, síld, steinbít, loðnu og flatfiskum. Hann er ágætur kafari og getur verið í kafi allt að 25 mínútum. Oftast sækir hann fæðu á 10-50 m dýpi en getur þó kafað niður á meira en 200 m dýpi í stuttan tíma.

Landselir eru félagslyndir og oft má sjá þá í hópum með ströndum; þó síður að vetrarlagi. Urtur safnast saman á kæpistöðvum (látrum) að vori og eignast einn kóp, sem þær hafa á spena í 4-6 vikur. Hópamyndun landsela í látrum er talin hafa þróast sem aukin vörn gegn afráni. Brimlarnir safnast saman við látrin snemma sumars. Á fengitíma keppast þeir um að makast við urtur en reyna jafnframt að laða þær að sér með ýmiss konar látbragði. Ríkjandi brimlar geta eignast afkvæmi með mörgum urtum vorið eftir. Á veturna eru kynin að jafnaði aðskilin og ung dýr halda sig ekki með þeim eldri.



Áður voru landselir mun algengari en nú. Landselsstofninn á Íslandi var áætlaður 43 þúsund dýr árin 1972-1978 en var um 12 þúsund dýr 2006 og 2011. Talning í helstu látrum árið 2014 benti til þess að stofninn væri kominn niður í nærri 4 þúsund dýr. Miðað við það nemur heildarfækkunin á fjórum áratugum ríflega 90%.

Útselur

Útselir (einnig nefndir haustselir) eru mun stærri en landselir. Þannig eru útselsbrimlar að jafnaði nær þrefalt þyngri en landselsbrimlar. Þeir hafa frekar stórt, frammjótt höfuð og langt snjáldur miðað við landseli. Stærðarmunur kynjanna er mikill en brimlar vega að jafnaði 280 kg og eru um 2,4 m að lengd en dæmi eru um brimla sem hafa orðið 3 m að lengd og yfir 300 kg. Urtur vega um 165 kg og eru um 2 m. Feldurinn er gráleitur en breytilegur eftir kyni og aldri. Kópar eru hvítir í 3-4 vikur eftir fæðingu. Eins og hjá landsel verða urtur eldri en brimlar, og geta orðið a.m.k. 45 ára.

Útbreiðsla útsela er talsvert minni og dálítið suðlægari en landsels. Útselir halda sig yfirleitt fjær landi en landselir og geta verið styggari. Þeir eru fiskiætur sem lifa helst á þorski og síli. Einnig eru steinbítur, marhnútur, ufsi, hrognkelsi, skarkoli og aðrir fiskar étnir. Útselir sækja fæðu sína yfirleitt nærri botni niður að 100 m dýpi, en geta þó kafað dýpra.

Líkt og hjá landsel geta ríkjandi útselsbrimlar eignast kópa með mörgum urtum. Útselsurtur eignast kóp að hausti og eru að jafnaði með hann á spena í rúmlega tvær vikur. Brimlar verja svæði með urtum og kópum og makast við urturnar um leið og þær hætta að mjólka. Sterkustu brimlarnir verja bestu látrin. Útselsurtur með kópa geta hins vegar verið árásargjarnar gagnvart öðrum urtum og því eru útselslátur oft minni en landselslátur. Þar sem þéttleiki urta er mjög lítill verja brimlar stundum aðeins eina urtu. Útselir mynda hins vegar oft stóra hópa um það leyti sem þeir skipta um hár, og er þá öll árásargirni fyrir bí. Utan fengitíma og háraskipta eru þeir jafnan einfarar.



Útselsstofninn við Ísland hefur lengi verið mun minni en landselsstofninn. Fjöldi útsela var áætlaður 10 þúsund dýr í talningu árið 1982 og 12 þúsund árið 1990 en hafði minnkað um meira en helming árið 2002 og var kominn í um 4 þúsund dýr árið 2012. Fækkunin frá 1990 til 2012 jafngildir um 67%.

Texti og umbrot: Náttúrustofa Vesturlands, www.nsv.is.

Helstu heimildir:

- Páll Hersteinsson (ritstjóri) (2004). Íslensk spendýr. Vaka-Helgafell.
- Menja von Schmalensee o.fl. (2013). Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur. Skýrsla unnin fyrir umhverfis- og auðlindaráðherra.
- Leiðbeiningar og ráðgjöf um sjálfbæra ferðaþjónustu á Íslandi, Grænlandi, Færeyjum og Noregi. The Wild North.
- Selasetur Íslands, www.selasetur.is.

Teikningar: Jón Baldur Hlíðberg, www.fauna.is.

Ljósmynd: Daníel Bergmann, www.danielbergmann.com.

Útbreiðslukort: Næst auglýsingastofa ehf. Kortin birtust áður í bókinni Íslensk spendýr árið 2004 (ritstj. Páll Hersteinsson).